



## Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1644

*Þriðjudagur 15. nóvember 2022 / kl. 17.00 / Rafrænn fundur*

- Efni fundarins:** Ellefti stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.  
**Fundarstjóri:** Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).  
**Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.  
**Þátttakendur:** Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Friðbjörn Benediktsson formaður snjóþrettaneftndar, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar og Dagbjartur Halldórsson, afreksstjóri.  
**Fjarverandi:** Jón Egill Sveinsson varaformaður.

*Fundur settur kl. 17.00.*

### Fundardagskrá:

1. Síðasta fundargerð
2. Ársreikningur 2021
3. Fjárhagsáætlun 2023
4. Tilnefningar til heiðrana á þingi
5. Dagskrá þings – kynning á Tvíþraut
6. Annar undirbúningur þingsins
7. Erindi frá Skíðafélagi Fjarðarabyggðar vegna skráningar í Sportabler
8. Formannafundur ÍSÍ 25. nóvember nk. og kynningarfundur vegna nýútgefni viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf
9. Önnur mál

### Fundargerð

1. **Síðasta fundargerð**
  - a. Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ.
2. **Ársreikningur 2021**
  - a. Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri fer yfir.
  - b. Stjórn samþykkir ársreikning samhljóða.
  - c. Birtur á netinu eftir þingið.

### 3. Fjárhagsáætlun 2023

- a. Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri fer yfir.
- b. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun samhljóða.

### 4. Tilnefningar til heiðrana á þingi

- a. Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri fer yfir hvaða aðilar voru tilnefndir til heiðrana á komandi Skíðaþingi.
- b. Samþykkt af stjórn.

### 5. Dagskrá þings – kynning á Tvíþraut

- a. Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri fer yfir dagskrá þingsins.
- b. Kjósa þarf annan þingforseta og fá tilnefningar í kjörbréfanefnd fyrir næsta ár.
- c. Finna þarf ritara inn í hverja nefnd.
- d. Finna þarf aðila í allsherjarnefnd.

### 6. Annar undirbúningur þingsins

- a. Sigurður Nikulásson, formaður alpagreinaneftdar og Hugrún Elvarsdóttir, ritari fara yfir.
- b. 36 skráðir á þingið en 20 skráðir á laugardagskvöldið – Jónas uppfærir Sigurð og Hugrúnu.
  - i. Skemmtun
    1. Bogfimisetrið og píla.
  - ii. Matur
    1. Kokkarnir.is koma og skera ofan í okkur niður í SA.
    2. Kahoot.

### 7. Erindi frá Skíðafélagi Fjarðarbyggðar vegna skráningar í Sportabler

- a. Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri fer yfir en Skíðafélag Fjarðarbyggðar kemst ekki inn í Sportabler skráningarkerfið.
- b. Gísli Reynisson, gjaldkeri kemur inn á að SKÍ rukkar iðkendagjald, mikilvægt að það sé í samræmi við skráða þátttakendur hjá hverju félagi.
- c. Jónas leggur þessa tillögu frá Skíðafélagi Fjarðarbyggðar fyrir á þinginu svo hægt sé að samþykkja skráða iðkendur. Þeir koma og fá atkvæðisrétt á þinginu.
- d. Dagbjartur Halldórsson, afreksstjóri, leggur til að SKÍ óski eftir gögnum frá ÍSÍ um yfirfærslu úr Felix yfir í Sportabler.

### 8. Formannafundur ÍSÍ 25. nóvember nk. og kynningarfundur vegna nýútgefni viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf

- a. Jónas býður stjórnarmönnum að mæta fyrir hönd SKÍ.

### 9. Önnur mál

- a. Fjallað um hvernig við komum upplýsingum á framfæri um okkar íþróttafólk.
  - i. **Ákveðin viðmið/kröfur innan SKÍ um umfjöllun um keppendur:**
    1. Keppendur séu á verðlaunapalli, í 1-3. sæti.
    2. Um bætingar á FIS stigum sé að ræða.
    3. Að um alþjóðlegt stórmót sé að ræða, þ.e. Ól, HM eða sambærilegt.
    4. Jafnræðis sé gætt á milli greina og einstaklinga.

- ii. Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar kemur inn á að það mætti gera meira úr því að vekja athygli á okkar fólki. Ef það er ekki einu sinni verið að fjalla um góðan árangur skíðafólks inn á síðu SKÍ þá eru aðrir fjölmiðlar ekki að fara að pikka þetta upp. Væri hægt að bæta við viðmiðum?
  - iii. Jónas, framkvæmdastjóri kemur með þá hugmynd að setja af stað upplýsinganefnd – t.d. einn úr alpagreinanefnd, snjóþrettanefnd og skíðagöngunefnd sem sjá um þessi mál.
  - iv. Hugrún, ritari kemur inn á mikilvægi þess að vekja athygli á fleiri aðilum innan hreyfingarinnar, skiptir miklu máli fyrir iðkendur (Heimsíða, Facebook, Instagram og TikTok).
    1. Tryggja verður að það sé verið að vekja athygli á mótum, einstaklingum sem eru að standa sig vel, æfingaferðum sem er verið að fara í o.fl.
  - v. Dagbjartur, afreksstjóri kemur inn á mikilvægi þess að fá tillögu að stefnu frá Sahara um hvernig skal umgangast miðlana o.fl. – verklags eða siðareglur.
    1. Virkja nefndarformenn í þessari vinnu þar sem þeir eru í miklum samskiptum við iðkendur.
- b. Hugrún, ritari tekur upp umræðu um að heiðra landsliðsfólk sem hættir í íþróttinni.
- i. Hvernig erum við að kveðja íþróttafólk? Þurfum að passa að það sé gert með faglegum og góðum hætti – þökkum fólki fyrir vel unnin störf fyrir Skíðasambandið og þeirra framlag.
    1. Gæta þarf jafnræðis á milli KK og KVK iðkenda.
  - ii. Dagbjartur tekur fram að það hafi verið ákveðið fyrir nokkrum árum að heiðra fólk sem hefur farið á Ólympíuleikana – fá gullmerki. Er ekki búið að klára það? Þetta þarf að fara yfir.

## Næsti fundur

- Skíðaðing 18. og 19. nóvember í Borgartúni 35.

*Fundi slitið kl. 18.40.*

*Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.*